

2. fundur 2012, 14 febrúar. Allir aðalmenn mættu. Ennfremur Jökull Helgason og Kristín Björk Guðmundsdóttir.

1. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar.
Jökull fór yfir svör við athugasemdum sem bárust til skipulagsfulltrúa á kærutímabilinu. Framlagðar athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp 2008 – 2020. Ennfremur voru lagðar fram tillögur að svörum við innsendum athugasemdum. Hreppsnefnd samþykkir afgreiðslu vegna framkominna athugasemda og samþykkir aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 með áorðnum breytingum og felur skipulags- og byggingafultrúa að gera leiðréttingar á skipulagsgögnum til samræmis við umræður á fundinum og bókun skipulags- og bygginganefndar. Síðan senda svo skipulagsgögnin til Skipulagsstofnunar með ósk um afgreiðslu til staðfestingar Umhverfissráðherra. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar er samþykkt.
Guðbjartur Gunnarsson situr hjá við þriðja lið fundargerðar.
2. Sala lóðar til Þórðar Runólfssonar.
Samþykkt var að selja Þórði Runólfssyni ca. 2,6 ha lands samkvæmt drögum að kaupsamningi. Verð á landinu miðast við 550.000 kr. 50.000 kr. staðgreiðist við undirskrift, afgangur þegar úttekt á hellulögn að Syðra – Lágafelli hefur átt sér stað.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
Tillagan lögð fram til umræðu.
Kristín Björk kom á fundinn og gerði grein fyrir stöðunni við skólann og hún greindi frá því að nú þegar er búið að skera inn að beini. Hún kallar eftir tillögum frá sveitarstjórn hvar næst skal höggva.
Helst kemur til greina að segja upp starfsfólki með þriggja mánaða uppsagnarfresti og ráða síðan aftur til þeirra verka sem til þarf.
Jafnframt að sveitarstjórn móti þá stefnu að ekki yngri börn en tveggja ára fái vist við leikskólann. Sveitarstjórn felur skólastjóra að grípa til þeirra ráðstafana sem þurfa þykir til að ná markmiðum sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.
4. Erindi frá DAB. Samþykkt.
5. Endurskoðun samþykkta Héraðsnefndar Snæfellinga og fjallskilasamþykktar sýslunnar lagðar fram til kynningar.
6. Hitaveitumálin.
Leitað verði eftir því að ráðinn varði verkefnisstjóri að þessu verkefni til að komaa því áfram. Oddviti fer með umboð hreppsins á aðalfundi hitaveitufélagsEyja- og Miklaholtshrepps.
7. Önnur mál.
Oddviti greindi frá því að hann hefði verið í samningaviðræðum við Arionbankaum ávöxtun fjármuna hreppsins.